

**Sp.**

**468. Tillaga til þingsályktunar**

[200. mál]

um landþurrkun á Fljótsdalshéraði.

Flm.: Eysteinn Jónsson, Halldór Ásgrímsson, Jónas Pétursson,  
Lúðvík Jósefsson, Páll Þorsteinsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta, svo fljótt sem verða má, mæla vegna framræslu allt ræktanlegt votlendi á Fljótsdalshéraði og gera áætlun um, hvað kosta muni að þurrka þetta land.

**Greinargerð.**

Fljótsdalshérað er eitt stærsta samfellda láglendissvæði á Íslandi. Þar skiptast á klapparásar, móar, mýrlendi og flóar. Mýrlendi er þar víðáttumikið, og hefur þegar verið ræst þar fram allmikið land, en mikið er þó eftir að þurrka af því landi, sem vel er þurrkunarhæft.

Það er almennt viðurkennt, að þurrkun víðlendra mýra og flóa hafi áhrif til hækunar á meðalhita. Getur því framræsla, auk þess beinlínis að stórauka verðmæti landsins með því að leysa úr læðingi frjóefni jarðvegsins, aukið notagildi stærra landsvæðis en beint nýtur þurrkunarinnar. En hitastig loftins er einn veigamesti þátturinn, sem áhrif hefur á uppskeruna.

Kornrækt hefur verið talsverð á Fljótsdalshéraði síðustu árin og fer vaxandi. Reynslan bendir í þá átt, að kornræktarskilyrði muni betri á Fljótsdalshéraði en víða, ef ekki víðast hvar annars staðar á landinu. Þar eru einna víðlendustu og þroskamestu birkiskógar landsins, sem bendir til þess, að skilyrði skógargróðurs muni hvergi vera betri. En kornyrkja og skógrækt eru systurgreinar í ræktun.

Óþarft er að fjölyrða um, hve mikil verðmætisaukning fylgir þurrkun landsins einni saman, auk þess sem ræktun fylgir á eftir. En ekki hefur enn þá verið reynt, hver áhrif það hefði umfram hin venjulegu afnot til beitar og ræktunar, ef allt votlendi í heilu héraði væri þurrkað og skógrækt fylgdi til skjóls.

Flm. þessarar tillögu telja ástæðu til, að gerð verði stórfelld tilraun í þessu efni með því að þurrka samfellt landsvæði á fáum árum, og telja Fljótsdalshérað til þess kjörið. Það mætti verða upphaf skipulegrar áætlunar um þurrkun alls votlendis á Íslandi.

En til að átta sig á þessu viðfangsefni og hvað kleift er, verða ýmsar athuganir að fara fram, Mæla þarf landið og gera áætlanir um kostnað við þurrkunina miðað við hagfelldustu vinnubrögð. Þegar þetta lægi fyrir, kæmi til athugunar fjármála- og framkvæmdahliðin.

Flm. leggja til, að svo fljótt sem unnt er verði þessi undirbúningsvinna framkvæmd, og er þá ætlun þeirra, að athuganir verði hafnar á Fljótsdalshéraði á komandi sumri.

Nánar í framsögu.